



Atvinnuveganefnd Alþingis

*Sent með tölvupósti*  
Reykjavík, 31. mars 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (blóðmerahald), 543. mál (þingskjal 908 – 151. löggjafarþing)**

*Tilv. 202103-0013*


Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. mars sl., þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

Með frumvarpinu er lagt til að við 20. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 (dýravelferðarlög) verði bætt við málsgrein sem kveður á um bann við því að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því vöru til sölu. Í greinargerð með tillögunni segir að það brjóti gegn öllum sjónarmiðum um velferð dýra að rækta hross til blóðframbleiðslu í gróðaskyni.

Bændasamtökin telja að ekki hafi verið sýnt fram á starfsemin gangi gegn dýravelferðarlögum, markmiðum laganna eða ákvæðum reglugerða sem hana varða, svo sem reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014. Matvælastofnun hefur reglubundið eftirlit með starfseminni og setur henni skilyrði, auk þess sem hún er tilkynningarskyld, sbr. 4. gr. síðastnefndrar reglugerðar. Samtökin telja að vinna þurfi betur að tillögum um breytingu á reglum sem varða starfsemina og áður en þær verði lagðar fram hafi farið fram mat og greining á því hvort og þá hvar misbrestir séu á framkvæmd og dýravelferð. Í því samhengi nægir ekki að vísa til aðbúnaðar og aðstæðna í öðrum löndum þar sem aðstæður og umgjörð eru slæmar og um flest ósambærilegar.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til að koma á fund þingnefndarinnar til frekari umræðu.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir